



Borgarráð

### **Völvufell 41 - leikskóli og miðstöð barna**

Lagt er til að borgarráð veiti umhverfis- og skipulagssviði heimild til að efna til opinna hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um 10 deilda leikskóla auk miðstöðvar barna við Völvufell samkvæmt meðfylgjandi drögum að forsögn. Samkeppnin yrði haldin í samráði við Arkitektafélag Íslands. Skipuð verður dómnefnd sem semur samkeppnislýsingu, annast yfirferð tillagna og skilar niðurstöðum sínum til Reykjavíkurborgar. Áætlað er að niðurstaða dómnefndar geti legið fyrir fyrri hluta árs 2023.

#### ***Greinargerð:***

Hugmyndir eru uppi um að reisa nýjan 11 deilda leikskóla við Völvufell fyrir 200 börn á 10 deildum. Ellefta deildin hefur sérstöðu sem miðstöð barna og starfrækt í anda opins leikskóla. Áætlað er að leikskólarnir Ösp og Holt verði lagðir niður í núverandi mynd og sameinaðir í þessum nýja leikskóla. Gert er ráð fyrir börnum frá 12 mánaða aldri til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólabyrjunar í samræmi við markmið stýrihópsins Brúum bilið, en eitt af áherslumálum hópsins er að fjölga leikskólaplássum víða í borginni.

Hönnun á nýjum leikskóla tæki mið af almennum markmiðum um leikskólastarf samkvæmt menntastefnu Reykjavíkur og aðalnámskrá leikskóla frá 2011 ásamt markmiðum opins leikskóla og Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla - og frístundastarf.

Fellahverfi hefur sérstöðu varðandi fjölda tví- og fjöltyngdra barna en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Mikil áhersla er á málörvun, máltöku og fjöltyngi auk tónlistar sem er undirstaða málþroska og styrkir sjálfsmynd barna.

Meginmarkmið miðstöðvar barna er að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra um leið og boðið er upp á sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur.

Með rekstri á miðstöð barna er gert ráð fyrir að ýmsir sérfræðingar komi að starfinu s.s starfsfólk frá heilsugæslu, sálfræðingar, félagsráðgjafar o.fl. Aðstaða þarf að vera fyrir þessa aðila til að eiga samtöl við foreldra og jafnvel fyrir ungbarnaskoðun.

Gert er ráð fyrir að opnunartími miðstöðvar barna sé einnig utan hefðbundins opnunartíma leikskólans fyrir fundi og námskeið.

Sérstaða nýs leikskóla er þríþætt. Nýr leikskóli og miðstöð barna við Völvufell mun hafa mikla sérstöðu vegna stærða sinnar en hann verður fyrsti 10 deilda leikskóli í Reykjavík. Auk áðurnefndar áherslu á fjöltyngi eru núverandi leikskólar aðilar styrktarsamnings mennta og



Reykjavíkurborg

menningarmálaráðuneytis við Reykjavíkurborg dags. 11. Janúar 2021. Þar er hlutverk leikskólanna að útbúa fræðsluefni og setja upp starfsþróunarnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla um land allt byggða á niðurstöðum og reynslu á verkefninu *Málþroski og læsi í Fellahverfi*.

Í gildi er deiliskipulagsbreyting sem samþykkt var í borgarráði 02.12.2021. Ólíkegt er að niðurstaða samkeppninnar hafi breytingar á því skipulagi í för með sér.

Byggingin verði umhverfisvottuð í samræmi við áherslur græna plansins og umhverfisstaðalinn BREEAM excellent.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Leikskóli og miðstöð barna við Völvufell - forsögn/samkeppnislýsing DRÖG maí 2022

Breiðholt III Fell – deiliskipulagsbreyting samþykkt 2. desember 2021:

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02637794122467715521>

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02637794119061838125>

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis við Reykjavíkurborg

# Leikskóli og miðstöð barna við Völvufell

Forsögn



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið - USK  
Skóla- og frístundasvið – SFS  
Maí 2022

DRÖG

## Formáli

Í framtíðarsýn nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Menntastefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélagi sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.


Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglinga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verði að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gangs og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum:



Heilbrigði



Læsi



Sjálfsþing



Félagsfærni



Sköpun

## Efnisyfirlit

|     |                                                                 |    |
|-----|-----------------------------------------------------------------|----|
| 1.  | Undirbúningur.....                                              | 6  |
| 2.  | Nýr leikskóli og miðstöð barna við Völvufell.....               | 6  |
| 2.1 | Menntastefna Reykjavíkur.....                                   | 7  |
| 2.2 | Aðalnámskrá leikskóla.....                                      | 7  |
| 3   | Leikskólinn við Völvufell.....                                  | 8  |
| 3.1 | Almenn starfsemislýsing leikskólans .....                       | 8  |
| 4   | Rými barna.....                                                 | 9  |
| 4.1 | Sameiginleg svæði.....                                          | 10 |
| 4.2 | Tónlistarrými.....                                              | 10 |
| 4.3 | Vinnuherbergi/hópavinna.....                                    | 10 |
| 4.4 | Fjölskylduherbergi/móttökuherbergi.....                         | 11 |
| 4.5 | Hreyfisalur .....                                               | 11 |
| 4.6 | Fataherbergi og þurrkherbergi.....                              | 11 |
| 4.7 | Snyrtingar.....                                                 | 12 |
| 5   | Miðstöð barna/deild 11 .....                                    | 12 |
| 6   | Rými starfsmanna .....                                          | 13 |
| 6.1 | Undirbúningsherbergi/vinnuherbergi.....                         | 13 |
| 6.2 | Fundarherbergi.....                                             | 13 |
| 6.3 | Hvíldar - og kaffistofa .....                                   | 14 |
| 6.4 | Fatahengi/búningsaðstaða .....                                  | 14 |
| 6.5 | Skrifstofur stjórnenda .....                                    | 14 |
| 6.6 | Verkefnastjóri fjölmennningar .....                             | 14 |
| 6.7 | Snyrting starfsfólks .....                                      | 14 |
| 7   | Eldhús, matvælageymsla og aðstaða fyrir starfsfólk eldhúss..... | 14 |
| 8   | Önnur rými .....                                                | 15 |
| 8.1 | Ræsting.....                                                    | 15 |
| 8.2 | Geymsla.....                                                    | 15 |
| 8.3 | Þvottaherbergi.....                                             | 15 |

|       |                                           |    |
|-------|-------------------------------------------|----|
| 8.4   | Hjóla- og vagnageymsla .....              | 15 |
| 8.5   | Tæknirými .....                           | 15 |
| 8.6   | Sorp .....                                | 15 |
| 9     | Leikskólalóðin .....                      | 16 |
| 9.1   | Innigarðar .....                          | 16 |
| 9.2   | Þakgarður .....                           | 17 |
| 9.3   | Dótaskúr .....                            | 17 |
| 10    | Forsendur hönnunar og gæði húsnæðis ..... | 17 |
| 10.1  | Sjálfbærni - BREEAM .....                 | 17 |
| 10.2  | Hagkvæmni og öryggi í rekstri .....       | 18 |
| 11    | Hönnun .....                              | 18 |
| 11.1  | Efnisval og skynhrif .....                | 18 |
| 11.2  | Innréttingar .....                        | 19 |
| 11.3  | Litir .....                               | 19 |
| 11.4  | Dagsbirta og gluggar .....                | 19 |
| 11.5  | Hljóðvist .....                           | 20 |
| 11.6  | Lýsing .....                              | 20 |
| 11.7  | Merkingar .....                           | 20 |
| 11.8  | Orkunýting .....                          | 20 |
| 11.9  | Loftgæði .....                            | 20 |
| 11.10 | Öryggissjónarmið .....                    | 21 |
| 11.11 | Algild hönnun .....                       | 22 |
| 11.12 | Ítargögn .....                            | 22 |

## 1. Undirbúningur

Stýrihópurinn Brúum bilið var stofnaður til að brúa bil á milli fæðingarorlofs og leikskólabyrjunar. Eitt af áhersluatriðum hópsins var að fjölga leikskólaplássum víða í borginni.

Með samþykkt í Borgarráði þann 22. júní 2021 var ákveðið að hefja undirbúning að nýjum 10 deilda leikskóla og miðstöð barna í Völvufelli 41 og útileiksvæði sem jafnframt væri opið almenningi utan leikskólatíma. Voru hugmyndirnar í samræmi við drög að deiliskipulagi Breiðholts III. Deiliskipulagið er samþykkt í Borgarráði 2. desember 2021.

Skipaður var forsagnarhópur með fulltrúum frá Skóla- og frístundasviði, leikskólanum Holti og Ösp og Umhverfis- og skipulagssviði. Hópurinn fundaði reglulega frá september 2021 til maí 2022.

Í hópnum voru:

- USK Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri, formaður forsagnarhópsins
- SFS Ásdís Olga Sigurðardóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála
- SFS Daníel Benediktsson, verkefnisstjóri í fjármála- og rekstrarþjónustu
- SFS Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskóla í Suðurmiðstöð
- SFS Halldóra Sigtryggisdóttir, leikskólastjóri Aspar
- SFS Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri Holts
- USK Anna María Benediktsdóttir, arkitekt, verkefnisstjóri hópsins

Auk þess starfaði með hópnum fram til febrúar 2022 Hildur Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri Skipulagsfulltrúa.

## 2. Nýr leikskóli og miðstöð barna við Völvufell

Til stendur að reisa nýjan 11 deilda leikskóla við Völvufell fyrir 200 börn á 10 deildum. Ellefta deildin hefur sérstöðu sem miðstöð barna og starfrækt í anda opins leikskóla. Áætlað er að leikskólarnir Ösp og Holt verði lagðir niður í núverandi mynd og sameinaðir í þessum nýja leikskóla. Gert er ráð fyrir börnum frá 12 mánaða aldri til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólabyrjunar.

Hönnun á nýjum leikskóla skal taka mið af almennum markmiðum um leikskólastarf samkvæmt menntastefnu Reykjavíkur og aðalnámskrá leikskóla frá 2011 ásamt markmiðum opins leikskóla og Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla - og frístundastarf.

Fellahverfi hefur sérstöðu varðandi fjölda tví- og fjöltyngdra barna en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Mikil áhersla er á málörvun, máltöku og fjöltyngi. Einnig er áhersla á tónlist sem er undirstaða málproska og styrkir sjálfsmynd barna. Einkenni skólstarfs í Fellahverfi er öflugt samstarfi leik- og grunnskóla og frístundar þar sem þróaðar hafa verið fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þessi margbreytileiki í barnahópnum kallar ekki eingöngu á stór rými heldur einnig á fjölda minni rýma til að koma á móts við þarfir hópsins. Þau koma oft á tíðum beint úr öðru málumhverfi, því er mikilvægt að skapa gott utanumhald og umhverfi sem bíður upp á hlýju, að notendur upplifi öryggi og að þeir séu velkomnir, þrátt fyrir stærð leikskólans.

## 2.1 Menntastefna Reykjavíkur

Megin markmið menntastefnu Reykjavíkur er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verði að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Umhverfið á að vera læsis hvetjandi og ýta undir að börn afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífstíl. Samskipti, vinátta og þátttaka er stór þáttur milli allra í leikskólasamfélaginu. Við hönnun leikskóla þarf að taka mið af þessari meginstefnu og eftirfarandi þátta:

- Líta skal á börn sem virka þátttakendur í leikskólasamfélaginu .
- Börn eru virk í þekkingarleit sinni í leikskólanum.
- Leikur barna fer fram jafnt úti sem inni.
- Barn byggir upp hæfni þegar það fer um krefjandi umhverfi.
- Samvinna er hugtak sem á við alla sem eru í leikskólanum óháð stöðu þeirra.
- Börn eiga geta farið á svæði sem veitir þeim öryggistilfinningu og ró.
- Í leikskólanum á að vera hægt að leika og starfa í stórum jafnt sem litlum hópum.
- Umhverfið í leikskólanum á að bjóða upp á áskorun í hreyfingu.

## 2.2 Aðalnámskrá leikskóla

Í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er talað um að námsumhverfi, húsnæði leikskóla, skuli skipulagt með markmið leikskólstarfsins í huga og notagildi og að fagurfræðilegir þættir skulu dregnir fram:

- Þá þurfi umhverfi í leikskóla að vera öruggt, heilsusamlegt, aðlaðandi og hvetjandi þar sem verk barna njóta sín.

- Umhverfið þarf að henta fjölbreyttum hópum sem að leikskólastarfinu koma og mikilvægt er að það geti tekið breytingum í takt við tíðarandann og áhugasvið þeirra sem þar starfa.
- Skipulagning umhverfis í leikskóla þarf að taka mið af sveigjanleika svo hægt sé að nýta það á ýmsa vegu og þarf nám og leikur að geta farið fram í jafnt stórum og litlum hópum.
- Rými sem bjóða upp á ró og næði þurfa að vera til staðar.

Við hönnun á leikskólahúsnæði þarf að gera ráð fyrir breyttum áherslum í starfsemi leikskólanna þ.e. að aukin áhersla er á sveigjanleika og vinnurými þar sem fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi. Meiri undirbúningsvinna þeirra sem þar starfa og samstarf leikskólans og fjölskyldna er í fyrirrúmi. Tryggja þarf gott aðgengi allra að öllum rýmum leikskólans og á milli hæða.

- Í hönnunarferlinu öllu skal hafa í huga að aðalsmerki leikskólastarfs er að börn læra í gegnum leikinn.

Leggja þarf áherslu á vellíðan, hvetjandi og góða aðstöðu barna og starfsmanna. Tryggja þarf að hægt sé að sinna öllum námssviðum leikskólans (aðalnámskrá leikskóla, 2011) og áherslum menntastefnu Reykjavíkur. Nýting húsnæðis sé góð og það þjóni tilgangi sínum sem leikskóli fyrir 1 - 6 ára börn. Þá verður útileiksvæði leikskólans að vera öruggt og um leið hvetjandi í fyrir leik og starf.

### 3 Leikskólinn við Völvufell

#### 3.1 Almenn starfsemislýsing leikskólans

Gert er ráð fyrir að í leikskólanum verði allt að 200 börn á 10 deildum. 11. deildin verður rekin sem miðstöð barna þar sem tekið verður á móti foreldrum og börnum fyrir leikskólabyrjun. Börnin sem dvelja í leikskólanum eru frá 1 árs til 6 ára og geta verið í allt að 9 tíma á dag í vistun.

Gert er ráð fyrir allt að 60 stöðugildum í leikskólanum alla jafna og einnig gera ráð fyrir að starfsmannafjöldi getur verið meiri samtímis í húsinu þegar kemur til afleysinga og sérstuðnings.

1 – 2 ára = 16 börn = 3 - 4 deildir

2 – 4 ára = 20 börn = 3 - 4 deildir

4 – 6 ára = 24 börn = 3 deildir

Miðstöð barna = 30 einstaklingar = 1 deild

Lýsing á dæmigerðum degi í leikskóla

Kl. 07.30 – 09:00 Róleg morgunstund. Börnin koma eitt af öðru með foreldrum sínum.

Morgunmatur er u.þ.b milli kl. 08:15 til 09:00.

Kl. 09:00 – 11:30 Starfsemi í leikskólanum, frjáls leikur bæði úti og inni, vettvangsferðir, hópastarf o.fl. Hluti af yngstu börnunum gætu þurft á hvíld að halda.

Kl. 11:30 - 13:00/15:00 Hádegisverður er frá kl. 11:30 og að honum loknum fara börnin í hvíld eða slökun og/eða frjálsan leik til kl. 13:00.

Kl. 13:00 – 15:30 Að lokinni hvíld kl. 13:00 til kl. 15:30 fer fram svipuð starfsemi og fyrir hádegis, leikur bæði úti og inni, vettvangsferðir o.fl.

Kl. 14:30 – 16:30/17:00 Síðdegishressing er kl. 14:00 og að henni lokinni er samverustund og síðan frjáls leikur inni eða úti eftir aðstæðum þar til leikskólinn lokar kl. 16:30/17:00.

Dagskipulag er ekki bindandi og getur tekið breytingum dag frá degi. Hvíldarstundir geta verið lengri og tvisvar yfir daginn hjá allra yngstu börnunum og tekur dagsskipulag mið af aldri barna hverju sinni.

Meginmarkmið miðstöð barna er að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra eins og umönnun. Aðgangsstýring að miðstöð barna og aðgengi fyrir alla t.d. með lyftu er nauðsynlegt. Starfsemi getur einnig verið utan hefðbundins opnunartíma leikskólans fyrir fundi og námskeið.

## 4 Rými barna

Litið er á öll svæði leikskólans sem námssvæði barnanna þar sem þau fá að kanna umhverfi sitt, fylgja áhugasviði sínu og eru örugg í að gera tilraunir á leið sinni til aukinnar hæfni.

Deildarrými, sameiginleg svæði, snyrtingar, fatahólf, matstofa, hreyfisalur og vinnuherbergi/hóparými eru aðal rými barna.

Í allri hönnun skal taka mið af aldri og hæð barna t.d. í gluggasetningum, aðgengi og möguleika til að öðlast sjálfstraust í að bjarga sér sjálf. Deildarrými skulu vera þrískipt þ.e. að hver deild hafi þrjú rými sem henta til rólegra stunda jafnt sem leiks. Tryggja þarf sýnileika milli rýma til að skapa yfirsýn og tengingu. Til að stuðla að vellíðan í rýmum þarf að tryggja góða hljóðvist, ljósvist og loftgæði. Hugsa þarf að samnýtingu rýma og gott að tvær deildir séu aðliggjandi og geti deilt ákveðnum rýmum s.s. salernum, sameiginleg leikrými og

matstofu. Innan matstofunnar eru skápar sem hægt er að loka. Í skápunum er leirtau og það sem þarf til í matstofunni. Nauðsynlegt er að hafa þarna handlaug, skolvask og aðgang að drykkjarvatni ásamt ísskáp. Gera þarf ráð fyrir hlaðborði í matstofu og aðstöðu til að börn geti gengið frá eftir matinn.

Hver barnahópur á sína deild sem er hjartað í starfinu. Í heimastofunum fer meðal annars fram frjáls leikur, samverustundir, hvíld o.fl. Deildir þurfa að vera fallegar, veita umvefjandi umgjörð þar sem gott er að vinna í ró, setjast niður með bók eða púsl og kúra sig í góðum sófa eða í gluggakistu og hvíla sig á löngum degi.

Innbyggð efnisgeymsla/skápur og innrétting, með rennihurð, á að vera á hverri deild þar sem aðgengi er að vaski og vatni. Í innréttingu og efnisgeymslu á að vera hægt að geyma námsefni og gögn sem þarf að nýta í starfinu. Hluti af innréttingum mætti hugsa sem færanlegar til að auka sveigjanleika í rýmum. Hólf eða útdraganlegar skúffur fyrir hvert og eitt barn á að vera á deildinni svo þau geti geymt persónulega muni s.s. teikningar, dót og/eða einstaka föt sem þau nota yfir daginn.

#### 4.1 Sameiginleg svæði

Gert er ráð fyrir sameiginlegum svæðum þar sem hægt er að vinna í minni hópum sem eru fyrir utan hefðbundnar deildir og eru mögulega miðja eða tenging milli deilda. Sameiginleg svæði eru vinnusvæði barna og starfsfólks en einnig tenging foreldra við leikskólann. Svæðin þurfa því að vera bjóðandi og aðlaðandi fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Mikilvægt er að öll svæðin séu vinnusvæði en ekki umferðasvæði. Þar geta verið mismunandi stöðvar og mikilvægt að hljóðvist, ljósvist og loftgæði séu góð. Dæmi um stöðvar eru kubbaleikir, hlutverkaleikir, hreyfileikir, skynjunarleikir, sköpun, tónlist og lestur.

Börnin koma inn á sameiginleg svæði frá anddyrinu en þar eru m.a. staðsett fatahólf barna. Huga þarf að geymslu fyrir hjálpartæki fatlaða barna í nálægð við innganga.

#### 4.2 Tónlistarrými

Gera þarf ráð fyrir rými/um, í samræmi við fjölda barna í leikskólanum, þar sem tónlist og sköpun geta farið fram. Gera þarf ráð fyrir að unnið sé með barnahópinum í minni hópum í tónlistarrýminu og geymslu hljóðfæra. Gera þarf ráð fyrir nýtingu rýmisins allan daginn.

#### 4.3 Vinnuherbergi/hópavinna

Það skulu vera 4 vinnuherbergi fyrir einstaklingskennslu og/eða fyrir nokkur börn í einu.

Herbergin eiga að nýtast með öðrum rýmum barna og ekki vera langt frá þeirra deild. Ekki er

gert ráð fyrir þessum herbergjum fyrir 1 til 2ja ára börnin. Herbergin þurfa að nýtast allan daginn en er hægt að loka af ef þarf þegar stuðningur eða sérkennsla fer fram. Í herbergjum skal vera gluggi/glerveggur eða hurð með gleri til að auka sýnileika.

#### 4.4 Fjölskylduherbergi/móttökuherbergi

Í leikskólanum þarf að vera móttökuherbergi þar sem hægt er að taka á móti foreldrum sem eru að koma með börnin sín í aðlögun. Í herberginu munu fara fram foreldra- og starfsmannasamtöl. Mikilvægt er að þar sé hægt að eiga trúnaðarsamtöl og þarf hljóðeinangrun að vera í samræmi við það. Þegar herbergið er ekki nýtt sem móttökuherbergi væri hægt að nýta það í rólegar stundir með börnum t.d. í málörvunarstundir og slökun. Æskilegt er að þetta herbergi sé í tengslum við deildarrými yngstu barnanna.

#### 4.5 Hreyfisalur

Gera þarf ráð fyrir hreyfisal með skápum sem hægt er að geyma búnað í s.s. bekk, húllahringi, boltagrindur, dýnur og annað dót sem fylgir hreyfisólum. Börnin þurfa að geta kastað boltum, farið í hreyfileiki og gengið þrautabrautir þvingunarlaust.

Til þess að allur leikskólinn geti nýtt sér salinn í stærri viðburði er mikilvægt að hann sé aðgangsstýrður þar sem gert er ráð fyrir að hann verði einnig nýttur utan hefðbundins opnunartíma leikskóla. Tryggja skal geymslu fyrir stóla sem hægt er að nota á stærri viðburðum. Gera þarf ráð fyrir stórum skjá sem hægt er að nota á fundum.

#### 4.6 Fataherbergi og þurrkherbergi

Fatahólfín eru persónuleg og tenging barna við heimili þeirra. Gert er ráð fyrir fatahólfum fyrir yfirhafnir barnanna og skógrindum, bekkjum til að sitja á og klæða sig úr og í í fataherbergi. Einnig er aukahilla fyrir töscur o.fl. sem börnin hafa með sér fyrir auka föt. Mikilvægt er að huga að stillanlegum fatahólfum svo að þau nýtist mismunandandi aldri. Hafa þarf í huga mikið rakaálag í þessum herbergjum og gera ráð fyrir góðri loftun og hita.

Í tengslum við fataherbergi barna skal vera þurrkherbergi með búnaði til að þurrka föt. Aðstaða til að hengja upp blauta útigalla barnanna og fyrir vinnufatnað starfsmanna ásamt skógrindum. Í tengslum við fataherbergi skal vera skolvaskur og vatnsslanga til að skola af göllum og stígvélum.

Í eða við fataherbergi barna skal gera ráð fyrir upplýsingaskjáum fyrir foreldra.

#### 4.7 Snyrtingar

Snyrting þarf að vera rúmgóð með beinan aðgang að deildum og góðri vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk. Mögulega geta tvær deildir deilt snyrtingu. Gluggi til að skapa yfirsýn skal vera á milli deildar og snyrtinga. Á mið og eldri deildum skal vera skiptiaðstaða og skolvaskur. Aðstaða skal vera til að sinna fötluðum börnum. Gera þarf ráð fyrir að hægt verði að setja upp skiptiaðstöðu með lítilli fyrirhöfn. Á yngstu deildum skulu vera eitt til tvö salerni og góð skiptiaðstaða fyrir amk. tvö börn samtímis. Handlaug fyrir starfsfólk þarf að vera á snyrtingu. Salerni skulu stúkuð af með lágum veggjum á milli salerna og hurðir þannig að börn geti lokað að sér en fullorðnir haft yfirsýn. Sér snyrting með hjólastólaaðgengi þarf að vera í tengslum við útileiksvæði t.d. við fatahólf svo börn þurfi ekki að fara inn á deild til að fara á salerni. Allt sem börn nota á snyrtingu skal vera í þeirra hæð s.s. speglar, handþurrkur o.fl.

### 5 Miðstöð barna/deild 11

Meginmarkmið miðstöðvar barna er að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra svo sem sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur.

Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu með börnum sínum og beri ábyrgð á þeim þann tíma sem þau eru í heimsókn.

Með rekstri á miðstöð barna er gert ráð fyrir að ýmsir sérfræðingar komi að starfinu s.s. starfsfólk frá heilsugæslu, sálfræðingar, félagsráðgjafar o.fl. Aðstaða þarf að vera fyrir þessa aðila til að eiga samtöl við foreldra og jafnvel fyrir ungbarnaskoðun.

Gott aðgengi að miðstöð barna utan frá þar sem opnunartíminn er einnig utan hefðbundins opnunartíma leikskólans fyrir fundi og námskeið. Nauðsynlegt er að aðgangsstýring sé að miðstöð barna og tryggja þarf aðgengi fyrir alla.

Eftirfarandi rými eiga að vera hluti af miðstöð barna/11.deildinni.

- Þrískipt rými
- Leikrými fyrir börn og foreldra, þar sem foreldrar koma og dvelja með barninu á opnunartíma. Heimastofan þarf að vera hönnuð þannig að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt leikefni fyrir börn á ólíkum aldri. Í heimastofunni þarf að vera aðgengi að vatni og búin til góð aðstaða til að geta t.d. vatnslitað, málað, fönðrað og slíkt.
- Aðstaða fyrir þjónustuaðila.
- Snyrting fyrir börn með hjólastólaaðgengi og tvær snyrtingar fyrir fullorðna, önnur með skiptiaðstöðu og hjólastólaaðgengi.

- Kaffistofa með ísskáp, uppvottavél og vask og aðstöðu til að hita upp mat. Hugmyndin er að foreldrar geti sest þarna inn með börnum sínum og fengið sér kaffisopa og átt spjall.
- Ræstiskápur þarf að tengjast eldhúsi.
- Tenging við afgirt útisvæði.
- Möguleiki á að breyta þessu rými í hefðbundið deildarrými ef breyting verður á starfsemi.

Fundarherbergi skal vera nálægt miðstöð barna og nýtanlegt fyrir stjórnendateymi leikskólans. Fundarherbergið á að rúma að lágmarki 16 manns.

## 6 Rými starfsmanna

Leikskólinn er leiðandi á landsvísu í ráðgjöf og fræðslu varðandi fjölmennningarlegt leikskólastarf, því er mikilvægt að fjarfundarbúnaður sé í öllum fundarherbergjum svo hægt sé að sinna ráðgjöf og fræðslu viðmiðum.

Starfsmannaaðstaðan á að stuðla að farsælli blöndun og samstarfi þeirra starfsmanna sem starfa í byggingunni. Skapa þarf góðar vinnuaðstæður fyrir faglegt samráð, undirbúning og til að geta unnið í næði. Kennarar eru í lykilhlutverki í leikskólastarfinu og þurfa að sinna mörgum hlutverkum þegar kemur að því að samtvinnu velferð barna, árangur og gæði skólastarfsins.

Gert er ráð fyrir að lágmarki 60 starfsmönnum í leikskólanum.

### 6.1 Undirbúningsherbergi/vinnuherbergi

Undirbúningsherbergi/vinnuherbergi á að henta fyrir undirbúning, úrvinnslu, tölvuvinnu, skýrslugerð og fleira. Þau skulu vera tvö og skiptast t.d. eftir aldri barna í leikskólanum eða milli hæða. Í vinnuherbergi þarf að vera gott geymslupláss fyrir efnivið, áhöld og námsgögn. Það þarf að rúma allt að 7 til 8 manns á sama tíma. Læstir skjalaskápar þurfa vera í herbergjunum ásamt prenturum og skápum fyrir ýmis gögn.

### 6.2 Fundarherbergi

Gera þarf ráð fyrir 3 fundarherbergjum sem rúma 4 til 6 manneskjur og einu fundarherbergi sem rúmar allt stjórnendateymi leikskólans sem telur allt að 16 manns og er samnýtt með miðstöð barna.

### 6.3 Hvíldar - og kaffistofa

Það skal vera góð starfsmannaaðstaða til hressingar og hvíldar. Þar þarf að vera innrétting (vaskur, kæling og upphitun matvæla) með geymsluaðstöðu fyrir leirtau, drykki og matvæli sem starfsmenn taka með sér að heiman. Starfsfólk þarf að geta matast við borð og sest niður í ró og næði.

### 6.4 Fatahengi/búningsaðstaða

Æskilegt er að hafa aðgangsstýrðan inngang í tengslum við starfsmannaðstöðu, þar eru læst munahólf fyrir persónulega muni starfsfólks ásamt fatahengi og skóhirslum. Gera þarf ráð fyrir sturtuaðstöðu og salernum tengt þessu svæði.

### 6.5 Skrifstofur stjórnenda

Í tengslum við aðalinngang leikskólans skulu vera skrifstofur fyrir stjórnendateymið, leikskólastjóra og tvo aðstoðarleikskólastjóra. Huga þarf að góðri hljóðvist á skrifstofum stjórnenda því þar á að vera hægt að taka trúnaðarsamtöl.

### 6.6 Verkefnastjóri fjölmenningar

Vinnuherbergi fyrir verkefnastjóra fjölmenningar inniheldur efnivið og gögn sem eru sérstaklega ætluð til vinnu við fjölmenningu, fræðslu og ráðgjöf. Gera má ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir tvo starfsmenn.

### 6.7 Snyrting starfsfólks

Gera þarf ráð fyrir snyrtingum fyrir starfsfólk skv. reglugerðum á hverri hæð.

## 7 Eldhús, matvælageymsla og aðstaða fyrir starfsfólk eldhúss

Í eldhúsi eru framleiddar máltíðir fyrir börn og starfsmenn, morgunverður, hádegisverður, síðdegishressing. Gert er ráð fyrir að lágmarki 260 manns í leikskólanum.

Húsnæðið skal miða við framleiðslueldhús þar sem fer fram hrávinnsla. Hafa þarf í huga góða nýtingu á rýminu og heppilega vinnuaðstöðu starfsfólks. Í eldhúsinu og tilheyrandi rýmum er gert ráð fyrir innréttingum miðað við framleiðslueldhús. Æskilegt er að þær séu sem mest opnar, þægilegar í notkun fyrir starfsfólk og að auðvelt sé að þrifa þær. Innréttingar þurfa að vera sterkar og þola mikla notkun. Ryðfrítt stál er þar góður kostur. Æskilegt er að sem flestar innréttingar séu á hjólum þar sem að því verður komið við. Einnig þarf að gera ráð fyrir lager, fyrir kælivöru, frystivöru og þurrvöru. Sér aðstaða skal vera fyrir starfsfólk

eldhúss, m.a. snyrting, aðstaða til fataskipta, munahólf og skrifstofuaðstaða. Hafa skal sér herbergi eða skáp fyrir ræstingu fyrir eldhús. Gera þarf ráð fyrir góðri aðkomu fyrir móttöku á vörum.

## 8 Önnur rými

### 8.1 Ræsting

Ræstirými fyrir ræstivörur, ræstivagna og annað sem að tilheyrir ræstingu á hverri hæð. Gera þarf ráð fyrir ræstivaski.

### 8.2 Geymsla

Þessi geymsla er ekki hugsuð fyrir námsgögn heldur rekstrarvörur og árstíðabundna vöru. Geymslur fyrir námsgögn eiga að vera inn á deildum. Góðir skápar geta einnig uppfyllt hlutverk sérstakrar geymslu.

### 8.3 Þvottaherbergi

Gera þarf ráð fyrir tveimur stórum þvottavélum og þurrkurum í vinnuhæð. Hillur og skápar fyrir lín einnig þarf að vera innrétting með vaski og aðstaða til að brjóta saman þvott. Þvottaherbergi skal vera staðsett nálægt eldhúsi.

### 8.4 Hjóla- og vagnageymsla

Gera skal ráð fyrir yfirbyggðum hjólastæðum og vagnageymslu á lóðinni fyrir foreldra, börn og starfsmenn.

### 8.5 Tæknirými

Tæknirými fyrir tölvur, síma, loftræstingu, fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafmagn, sprinkler, brunavarnakerfi.

### 8.6 Sorp

Sorpgeymsla með aðstöðu til flokkunnar. Staðsetja sem næst inngangi að eldhúsi og vörumóttöku. Nauðsynlegt að það sé með auðveldu en læstu aðgengi fyrir starfsmenn sorplosunarfyrirtækja. Við staðsetningu sorpgeymslu skal hafa í huga íkveikjuhættu.

## 9 Leikskólalóðin

Leikskólalóðin er félagslegur og námslegur vettvangur. Börnum á að finnast skemmtilegt að vera úti á lóðinni og skal hún skipulögð þannig að hún veiki áhuga þeirra og örvi ímyndurnaraflið. Líkamlegar jafnt og félagslegar áskoranir skulu vera til staðar þar sem börn geta unnið út frá mismunandi getu á öruggu og afgirtu svæði. Gæði leiksins eru háð umhverfinu og efniviði sem þar er í boði. Leikskólalóðin á að bjóða upp á áskoranir þar sem börnin geta reynt sig í aðstæðum sem hvetur þau til fara lengra og hærra.

Leikskólalóðinni skal vera skipt í tvö til þrjú leiksvæði með möguleika á opnun á milli leiksvæða.

Vegna yfirsýnar er nauðsynlegt að hafa fáar útgönguleiðir frá lóðinni.

Ákjósanlegt er að börn hafi aðgang að sandkassa, þrautum ýmisskonar. Leikskólalóðin á að auka hreyfifærni og lausnaleit ásamt samstarfi á milli barna. Tilraunastarfsemi ýmiskonar með vatn, sand og annan lífrænan efnivið er ákjósanlegur. Sköpun af ýmsum toga sem flæðir jafnt inni sem úti á að vera börnunum eðlislægur þáttur í starfi leikskólans. Hafa skal jafnvægi milli náttúru og manngerðra efna á leikskólalóðinni.

Leiksvæði fyrir allra yngstu börnin eiga að vera með góðu aðgengi og aðhaldi og tengjast fataherbergi þeirra. Æskilegt er að leiksvæði fyrir eldri börnin verði með möguleika á tvískiptingu til að tryggja yfirsýn og vinnu með smærri hópa.

Leikskólalóðin mun vera opin almenningi utan hefðbundins opnunartíma. Útfærsla leikvallarins og leiktækja á taka mið af því. Setbekkir, boltaleikir og tækifæri til æfinga ýmiskonar er ákjósanlegt á lóðinni. Lýsing lóðarinnar er veigamikill þáttur til að auka öryggisfinningu þeirra sem að nýta sér lóðina eftir að dimmt er.

Leiksvæðið skal vera fjölbreytt í uppbyggingu og uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla. Tryggja þarf að aðgengi og aðkoma svæðisins sé góð og að notendur geti nýtt sér leiksvæðið allan ársins hring. Því þarf að útfæra heildstæðar lausnir á borð við snjóbræðsluleiða, lýsingu, stígagerð og aðkomu.

### 9.1 Innigarðar

Innigarðar sem er ekki undir þaki er möguleiki í tengslum við yngri barna svæðið og gæti verið hluti af tengingu milli deilda. Í innigarði þarf að gera ráð fyrir leiktækjum og sandkassa fyrir allra yngstu börnin.

## 9.2 Þakgarður

Ef þakgarður verður hluti af útisvæði barna þarf að huga að traustri öryggisgirðingu í yfirhæð miðað við staðlað handrið. Þakgarður er hluti af leiksvæði barna og má hugsa skemmtilegar leiðir af honum niður í garð t.d. með rennibraut, stiga og/eða klífursvæði. Aðgengi að vatni á að vera á þakgarði.

## 9.3 Dótaskúr

Dótaskúr þarf að vera á leikskólalóðinni sem geymir útileikföng og áhöld sem þarf til viðhalds á lóðinni. Huga má að aukinni nýtingu dótaskúrs, ekki einungis sem geymslu heldur sem hluta af leiksvæðinu t.d. sem kastala sem hægt er að fara upp á svo sem rennibraut eða klífur. Við eða í sandkassa skal vera geymsla fyrir sandleikföng.

# 10 Forsendur hönnunar og gæði húsnæðis

Húsnæði og lóð skal vera í samræmi við ofangreindar forsendur og endurspegla áherslupætti menntastefnu Reykjavíkurborgar. Tryggja þarf að húsnæði og öll aðstaða innan- og utanhúss veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

## 10.1 Sjálfbærni - BREEAM

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykki frá borgarráði um að vistvottunarkerfið BREEAM skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar.

Í þessu verkefni skal miðað við að ná a.m.k. 70 % stigum sem er einkunin „Excellent“ samkvæmt BREEAM International New Construction V06. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun, skipulagi og við efnisval. Leggja skal áherslu á að lágmarka út losun gróðurhúsalofttegunda við hönnun, framkvæmd og rekstur byggingarinnar. Heilsa og vellíðan notenda byggingarinnar skal vera leiðarljós í hönnunarferlinu.

Skoða sérstaklega tækifæri til endurnýtingar byggingarefna í byggingum sem fyrir eru. Endurnýtt byggingarefni skulu vera örugg m.t.t. rakaskemmda og innivistar. Einnig þarf að taka mið af öllum öryggis- og gæðakröfum sem gerðar eru til leikskóla m.t.t. laga og reglna við mat á endurnýtingu byggingarefnis.

Gera skal úttekt á niðurrifi í framkvæmdinni þar sem fram koma helstu úrgagnsstraumar, möguleikar á endurvinnslu, förgun o.fl. Gera úttekt vistfræðings á lóðinni, hvort þar séu

vistfræðilegir þættir sem þarf að vernda og setja fram tillögur til að auka vistfræðilegt gildi lóðarinnar.

Gera skal LCC og LCA greiningu eins snemma í hönnun arkitekta og hægt er. Æskilegt er að skipa sjálfbærnifulltrúa eins snemma og hægt er, helst strax og arkitektahönnun hefst.

Forskor verkefnisins verður afhent BREEAM ráðgjafa og verður hluti af forsendum hönnunar þegar niðurstöður liggja fyrir.

## 10.2 Hagkvæmni og öryggi í rekstri

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að byggingin verði hönnuð með það að markmiði að ræsti-, rekstrar- og viðhaldskostnaður mannvirkis til framtíðar verði lágmarkaður. Mikil áhersla er lögð á að efnisval sé vandað og endingargott. Hönnuðir skulu m.a. hafa eftirfarandi atriði í huga við hönnun byggingarinnar út frá sjónarmiðum um hagkvæman rekstur skólans og aukið öryggi í umgengni:

Ekki verði valið yfirborðsefni innanhúss sem kámast áberandi eða er erfitt að þrifa.

Ysta þakklæðing skal þola eða vera varin vegna almennrar viðhaldsvinnu á þaki eða búnaði þar.

Gólfefni eiga að vera af viðurkenndri gerð og skulu ekki þurfa mikið viðhald. Við val á gólfefni skal hafa í huga hljóðeinangrandi og hljóðvistarlegt hlutverk gólfefnis.

Veggir skulu vera með hörðu yfirborði sem hvorki er hægt að beygla né brjóta. Eins þarf að vera auðvelt að þrifa veggjakort af yfirborði útveggja. Veggir að 3. metra hæð skulu varðir sérstaklega með fráhrindandi efnum sem auðveldar hreinsun veggjakrots.

# 11 Hönnun

## 11.1 Efnisval og skynhrif

Í efnisvali bæði innandyrna og utandyrna ætti að nota góð náttúruleg efni þar sem því er við komið og er viðeigandi. Það á að vera mögulegt að snerta bygginguna og upplifa ólíkar áferðir hennar sem og að geta haft hrátt, slétt, mjúkt, kalt og heitt yfirbragð. Æskilegt er að byggingin örvi skynhrif t.d. með mismunandi litum og formum íhluta. Litir innandyrna skulu almennt vera hlutlausir svo þeir yfirtaki ekki verk barnanna. Þar að auki er hægt að mynda ákveðna upplifun í rýmum með hjálp lita, mynda rými í rýminu, hægt er að útbúa gæðakrók, dyrnar inn í hóprýmið geta haft ákveðinn lit o.s.frv.

Skapandi starf og leikur eru þungamiðja í starfi leikskóla og mikilvægt að efnisval og rými bjóði upp á sveigjanleika ásamt rými til tilrauna. Allt í umhverfinu er æfing fyrir það sem koma skal. Þverfaglegir þættir eru einkennandi í leikskólanum s.s. þegar litið er á mál og læsi í umhverfinu, leikur að tölum sem liggja fyrir fótum barna, bjóða upp á hreyfingu og um leið þekkingu. Merkingar með táknum og ritmáli ýta undir forvitni á tungumálinu og auka áhuga á frekari þekkingu.

### 11.2 Innréttingar

Innréttingar leikskólans eiga að hafa einfalt yfirbragð en vera í háum gæðaflokki. Gott aðgengi skal vera fyrir börnin til að sækja sér efnivið sem geymdur er í innréttingum. Þær skulu henta þroskastigi barna sem dveljast í leikskólanum og vera endingargóðar og af ýmsum stærðum og gerðum. Æskilegt er að hluti þeirra sé á hjólum svo hægt sé að færa þær um svæðin og nýta sem best. Til að ná fram markmiðum um björt og opin rými leikskólans skal skoða möguleika á að hólfa rými (einkum rými barna) niður með innréttingum og búnaði í stað hefðbundinna milliveggja þar sem því verður við komið. Hólf eða útdraganlegar skúffur fyrir hvert og eitt barn á að vera á deildinni svo þau geti geymt persónulega muni s.s. teikningar, dót og/eða einstaka föt sem þau nota yfir daginn. Meta þarf áhrif hljóðvistar við slíkar útfærslur á rýmin í heild.

### 11.3 Litir

Litir innandyrna eiga almennt að vera hlutlausir. Gjarnan má mynda ákveðna upplifun í rýmum við hjálp lita, mynda rými í rýminu, útbúa gæðakrók, hafa dyr inn í rými í ákveðum litum eða samhangandi upplifunarrými í gegnum skólann svo dæmi séu tekin.

### 11.4 Dagsbirta og gluggar

Dagsbirta er afgerandi fyrir upplifun okkar af rýmum og byggingum, gluggar og ljósop á því að staðsetja þannig að upplifun af einkennum rýmanna verði sem mest. Náttúruleg ljósgæði eiga að vera vel ígrunduð og taka tillit til sólarhæðar allt árið um kring. Hönnun byggingar og staðsetning glugga skal vera þannig að hægt sé að nýta dagsljós sem allra mest og að stjórnun lýsingar gerist sem allra mest á viðkomandi stað (sé ekki miðstýrð með tímarofum eða birtuskynjurum). Gluggasetning leikskólans á að miða við að hún sé í augnhæð barna sem frekast kostur er og að þau geti notað gluggasýllur í leik og hvíld. Þó svo að lögð sé áhersla á að útsýnið sé fangað með gluggahönnun þarf gluggasetning að vera þannig að hún valdi ekki óþarfa sólarálagi í rýmum þar sem börnin eru langdvölum. Huga þarf sérstaklega að myrkvun rýma þar sem leikskólabörn hvílast.

Skoða skal möguleika þess að hafa glugga/glerveggi innandyrna til að auka/tryggja dagsbirtu í rýmum sem annars eru gluggalaus, t.d. sum hvíldarrými barna á deildum miðað við kröfur og óskir verkkaupa.

#### 11.5 Hljóðvist

Nauðsynlegt er að fara að ýrustru kröfum í hljóðvist í öllum rýmum skólans. Sérstaklega skal hugað að hljóðvist í og við leik- og námssvæði þannig að sem minnst truflun verði af og í þeim. Ef leik- og námssvæði eru ekki lokanleg frá umferðarrýmum eða öðrum rýmum skal gera ráð fyrir að þau séu afmörkuð með einhvers konar dempunarsvæðum til að lágmarka truflun. Tryggja verður að ekki verði of mikil eftirómun í rýmum með því að bæta við nægjanlegum flötum með hljóðgleypanði efnum.

#### 11.6 Lýsing

Lýsing skal hönnuð af lýsingarhönnuði í samræmi við gildandi byggingarreglugerð og staðal fyrir vinnustaði innanhúss, ÍST EN 12464-1 fyrir starfsemi leikskóla. Lögð er áhersla á eðlilega litarendurgjöf ljóssins sem nýtist við nám um liti. Þar sem stærri rými er skipt upp í nokkur minni svæði skal ljósastýring og beiting lýsingar vera fyrir hvert svæði fyrir sig. Lampaval skal taka mið af notkun, umhverfi, þrifum og orkusparnaði. Ljósgjafar eru LED og almennt dimmanlegir. Samrofi við inngang skal slökkva öll ljós við inngang.

#### 11.7 Merkingar

Huga skal að merkingum skólans, innan- og utan dyra við hönnun. T.d. heiti skólans og merkingar á rýmum.

#### 11.8 Orkunýting

Gerð er krafa um góða einangrun útveggja og þaks til að lækka rekstrarkostnað byggingarinnar. Einnig skal horft til hagstæðs rekstrarkostnaðar þegar kemur til þátta eins og lýsingar, loftræsingar, hitakerfis, snjóbræðslukerfis og fleiri þátta sem tengjast orkunýtingu byggingarinnar. Almennt skal gera ráð fyrir gólfhita í húsnæðinu.

#### 11.9 Loftgæði

Loftgæði skulu vera skv. kafla 10 og 14.9 í gildandi byggingarreglugerð og tilheyrandi stöðlum. Loftgæðin skulu vera fullnægjandi með tilliti til lyktar, rakamyndunar og mengunar og skal við hönnun tekið tillit til leiðbeiningar Umhverfisstofnunar þar að lútandi. Vegna staðsetningar leikskólans er mikilvægt að loftræsing leikskólans sé vélræn þegar loftgæði

utandýra eru með þeim hætti. Lokuð gluggalaus íverurými þar sem eingöngu eru vélræn loftskipti eru óæskileg. Sérstakar ráðstafanir skal gera í hönnun til að koma í veg fyrir sveppamyndun vegna raka.

#### 11.10 Öryggissjónarmið

Hér að neðan eru nefnd nokkur öryggisatriði sem skulu vera vel leyst til að tryggja öryggi barna og starfsfólk leikskólans. Listi er ekki tæmandi.

##### Klemmuvarnir:

Klemmuvarnir skulu vera á öllum hurðum, beggja vegna í falsi. Mikilvægt er að klemmuvarnir séu endingargóðar.

##### Staðsetning hurðahúna:

Staðsetning hurðahúna skal vera í þeirri hæð að börn geti ekki sjálf opnað og farið út úr rýmum án fylgdar fullorðina.

##### Opnanleg fög:

Mikilvægt er, ef opnanleg fög eru í hæð barna, að þau séu með öryggislæsingu.

Öryggislæsingin verður að vera stillt með þeim hætti að gluggaopið sé ekki meira en 9cm.

##### Gluggakistur:

Ganga þarf frá gluggakistum þannig að börn geti ekki fest fætur í þeim. Bil frá vegg að gluggakistu má ekki vera meira en sem nemur 25mm. Einnig má bil ekki vera meira en 25 mm ef gluggakista er gerð úr rist eða rimlum.

##### Ofnahlífar:

Ef ofnar eru í húsnæði skal setja á þá viðeigandi hlífðargrindur.

##### Rafmagnstenglar:

Huga þarf að staðsetningu rafmagnstengla m.t.t. öryggi barna. M.a. skal hafa sér tengla fyrir ofan glugga fyrir jólaseríur.

##### Brunavarnir:

Fylgja skal ítrustu kröfum um brunavarnir í samræmi við lög og reglugerðir.

##### Rakaöryggi:

Vanda skal efnisval og frágang votrýma m.t.t. rakaöryggis. Létta veggj í votrýmum skal almennt hlaða úr hleðslusteini og múrhúða svo framalega sem kröfur um hljóðvist og bruna séu uppfylltar.

#### 11.11 Algild hönnun

Mikil áhersla verður lögð á að Leikskóli og miðstöð barna, mannvirki og leikskólalóðin sé aðgengileg öllum með algilda hönnun að leiðarljósi.

#### 11.12 Ítargögn

- Samþykkt Borgarráðs 22. Júní 2021
- Samþykkt deiliskipulag
- Fell.1. PDF
- Fell.2. PDF
- Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla - og frístundastarf.
- Styrktarsamningur mennta - og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis við Reykjavíkurborg.

Stefna  
Reykjavíkurborgar  
um byggingar  
fyrir skóla- og  
frístundastarf



Umhverfis- og skipulagssvið  
Skóla- og frístundasvið

# STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR UM BYGGINGAR FYRIR SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARF



Umhverfis- og skipulagssvið  
Skóla- og frístundasvið

# EFNISYFIRLIT

|                                                    |          |
|----------------------------------------------------|----------|
| Formáli                                            | 4        |
| Látum draumana rætast                              | 5        |
| Menntastefna Reykjavíkurborgar                     | 5        |
| Byggingalist - Gæði mannvirkja og umhverfis        | 6        |
| Mannert umhverfi og samfélagið                     | 6        |
| Meginþemu hönnunar                                 | 7        |
| Byggingin og útisvæði                              | 7        |
| <b>Menntastefnan og mannvirkin</b>                 | <b>7</b> |
| Ábyrg hönnun – Græna planið                        | 7        |
| Byggingin og umhverfið                             | 8        |
| Grunngildi bygginga og útisvæða                    | 8        |
| Líðan og skynhrif                                  | 8        |
| Samspil rýma, samnýting og fjölnýting              | 9        |
| Inni og úti árið um kring                          | 9        |
| Allan daginn                                       | 9        |
| Inni - Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi      | 10       |
| Úti – Þar sem lífið er                             | 11       |
| Menntastefnan og mannvirkin                        | 13       |
| Öll börn vaxi, dafni og uni sér saman              | 13       |
| Ungabörn                                           | 13       |
| Elstu börn leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla | 13       |
| Eldri grunnskólabörn og unglingar í grunnskóla     | 14       |
| Fagmennska og samstarf í öndvegi                   | 15       |
| Félagsfærni                                        | 16       |
| Sjálfsefning                                       | 17       |
| Læsi                                               | 17       |
| Sköpun                                             | 19       |
| Heilbrigði                                         | 20       |
| Ábyrg hönnun                                       | 21       |
| Græna Planið                                       | 21       |
| Vistvæn hönnun                                     | 21       |
| Menntun án aðgreiningar – allir með                | 21       |
| Vistvænar samgöngur                                | 22       |
| Heilbriggt húsnæði                                 | 22       |
| Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM                   | 22       |

# FORMÁLI

Reykjavík er borg í vexti. Nýjum hverfum fylgja nýjar byggingar fyrir skóla- og frístundastarfið. Á sama tíma er verið að þetta byggð og við það fjölga börnum í rótgrónum hverfum. Því er þörf á margvíslegum endurbótum á eldra húsnæði fyrir frístunda- og skólastarf svo að tryggt sé að það mæti þörfum nútíðar og framtíðar.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Græna plani“ Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa einnig sett fram viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar.

Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað o.fl.

Þá er sett fram forsögn fyrir hvert og eitt verkefni sem tengist nýbyggingum, viðbyggingum og endurbótum. Lögð er áhersla á breiða þátttöku í forsagnarvinnu þar sem helstu hagsmunaaðilar fá tækifæri til að móta sérstöðu hverrar byggingar. Mikilvægt er að hafa þarfir væntanlegra notenda að leiðarljósi þegar ráðist er í nýbyggingar, endurnýjun eða viðbætur húsnæðis og útisvæða. Þarfagreining forsagnar er lykill í öflun slíkra upplýsinga þar sem samráð við notendur varpar ljósi á fjölbreyttar þarfir þeirra og væntingar.

Lögð er áhersla á að stefnan og viðmiðin séu endurskoðuð reglulega til að fanga reynslu, nýjar hugmyndir, breyttar kröfur og þarfir. Þessar þrjár stoðir; stefna, viðmið og forsögn, mynda heild sem hönnuðum ber að fylgja, auk þeirra laga og reglugerða sem eiga við í hverju og einu verkefni.

# MEGINÞEMU HÖNNUNAR

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur þemum sem fanga meginmarkmið og áherslur. Hvert þema felur í sér áherslur um mannvirki og umhverfi og styður við markmið menntastefnunnar, gæði í hinu manngerða umhverfi og framtíðarsýn Græna plansins.

## MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ

Hér er horft til þeirrar umgjarðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og ólíkum þörfum þeirra og starfsfólks er mætt í umhverfinu og tekið tillit til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.

## BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Þetta þema hverfist um rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.

## ÁBYRG HÖNNUN

Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Með ásýnd sinni og virkni eiga þær að vera fyrirmynd barna og fullorðinna um það hvernig megi hanna og byggja, án þess að ganga á auðlindir komandi kynslóða og um leið að vera leiðarljós um gefandi og mannvænt samfélag. Mannvirki og umhverfi þeirra skulu styðja við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

# MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ



Í framtíðarsýn menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Menntun er mikilvægur hluti af lífshlaupi allra og frístunda- og skólastarfið er sífellt að verða ríkari þáttur í daglegu lífi barna og unglinga. Framtíðin er hins vegar óráðin, við vitum ekki hvernig við högum frítíma okkar, hvaða tækni eða atvinnugreinar verða ríkjandi árið 2030. Við vitum þó að einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni til að menntast, bæði formlega og óformlega, með virkri þátttöku í samfélaginu.

Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Stefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélagi. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð, en um leið um valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Vinna á að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og náí árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi, náttúru og heiminum öllum. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum.

Þegar ráðist er í nýbyggingar, viðbyggingar og endurbætur á aðstöðu í skóla- og frístundastarfi skapast tækifæri til að endurskoða starfshætti og inntak menntunar og þróa umhverfi sem hæfir formlegu og óformlegu námi frá sjónarhóli nútíðar og framtíðar. Nota þarf sérhvert tækifæri til að skapa aðstöðu og umgjörð fyrir framsækna starfshætti, breyttar þarfir og væntingar samfélagsins og nýja hæfni þar sem barnið og framtíð þess er í forgrunni.

Hafa ber í huga að þarfir barna eru mismunandi, m.a. eftir aldri, kyni, námsstigi, hæfni og áhugasviði. Huga þarf að líkamlegum, andlegum, vitsmunalegum og félagslegum þörfum einstaklinga og hópa allan daginn, allan ársins hring. Jafnréttis- og margbreytileikasjónarmið eru því nauðsynleg í allri hönnun aðstöðu fyrir frístunda- og skólastarf.

**Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.**

# „LÁTUM DRAUMANA RÆTAST“

Í menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er lögð áhersla á að í öllu skóla- og frístundastarfi sé unnið með grundvallarþættina: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að við hönnun húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf sé horft til grundvallarþáttanna og hvaða kröfur þeir gera til húsnæðis, umhverfis og aðstöðu. Einnig ættu leiðarljós um markvisst samstarf starfsfólks og virkni barna og þátttöku þeirra í starfinu að vera í öndvegi hönnunar. Lögð er áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandi stíganda í umhverfi og starfi barnanna.

## FÉLAGSFÆRNI

### Úr menntastefnu:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Mikilvægt er að húsnæðið styðji við þjálfun og efningu félagsfærni í skóla- og frístundastarfi.

### Það gerum við með því að:

- hafa stærri rými fyrir menningarviðburði og samveru stórra hópa
- hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik
- hafa minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna
- hafa útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla
- hafa fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna.

Útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla



fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna



© Unisport.dk, Frediksbjergskole

© Unisport.dk, Frediksbjergskole



## SJÁLFSEFLING

### Úr menntastefnu:

Sjálfssefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfssefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Unnið er að því að börn sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

### Það gerum við með því að

- hafa umhverfi og aðbúnað aldursamsvarandi svo það haldi vel utan um börn á ólíkum aldri og styrki öryggiskennd þeirra
- bjóða upp á umhverfi og aðbúnað sem ýta undir sjálfshjálp, sjálfstæð vinnubrögð og þrautseigju
- skapa umhverfi sem styður við sjálfsmynd barna og gefur þeim tækifæri til að vinna með áhugamál sín og styrkleika
- hafa rými sem bjóða upp á fjölbreytni og skapandi nálgun í vinnubrögðum, úrvinnslu og miðlun verkefna
- hafa „svið“ bæði úti og inni fyrir leikræna tjáningu og framsögu
- hafa lóðir/útisvæði sem bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til að takast á við líkamlegar og félagslegar áskoranir um leið og jafnréttis- og margbreytileiksjónarmiðum er mætt

## Læsi

### Úr menntastefnu:

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í viðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Í öllu skóla- og frístundastarfi er áhersla lögð á að styðja börn við að afla sér þekkingar og auka skilning á samfélagi og umhverfi.

### Það gerum við með því að:

- hafa gott aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og lesefni, bæði stafrænu og í bókum
- sýna fjölbreyttar afurðir úr námsvinnunni með sýningum eða margbreytilegri miðlun
- hafa notaleg rými til að setjast niður með bók eða taka þátt í sögustund
- skapa góða aðstöðu til að tileinka sér vísindalega hæfni, náttúru-, miðla- og tæknilæsi
- bjóða upp á umhverfi sem hvetur til uppgötvana og áframhaldandi þekkingarleitar
- bjóða upp á lóð/útisvæði þar sem má upplifa og gera vísindalegar athuganir á náttúrunni og lögmálum hennar
- skapa námsrými sem bjóða upp á samstarf og samvinnunám þar sem hugað er að tilfinningalæsi, fjölbreyttum tjáningarformum og getunni til að setja sig í spor annarra.

## Sköpun

### Úr menntastefnu:

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

Sköpun og skapandi hugsun þjálfast á fjölbreyttan hátt, bæði innan dyra og utan, í samvinnu við aðra eða með okkur sjálfum. Húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf og staðsetning þess þarf að skapa þessa möguleika.

### Það gerum við með því að

- hafa viðeigandi aðstöðu og rými fyrir fjölbreytt list- og verknám, skapandi og listræna tjáningu.
- hafa rými fyrir þjálfun í leikrænni tjáningu, framkomu eða listflutningi einstaklinga og hópa
- hafa svæði/lóð utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold
- hafa viðeigandi aðstöðu þar sem börn geta notið sín í frjálsum leik og tjáð sig á skapandi og listrænan hátt í gegnum fjölbreyttan efnivið.
- hafa aðstöðu til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces“ og „fablab“),
- hafa fjölnýtanleg einstaklingsrými fyrir tónlistarsköpun og hljóðfæranám, myndvinnslu o.fl.

## Heilbrigði

### Úr menntastefnu:

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Unnið verður að því að öll börn tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og öðlist hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

### Það gerum við með því að:

- hafa rými og aðbúnað sem stuðlar að öryggiskennd og vellíðan allra barna
- hafa sameiginleg rými þar sem börn geta þjálfað fín- og grófhreyfingar, s.s. stíkl, klifur, skrið, jafnvægi og fleira
- hafa góðar tengingar milli úti og innisvæða og stuðla þannig að markvissu útinámi
- hafa aðstöðu til náttúruupplifunar og ræktunar innan- og utandyra og á nálægum grænum svæðum
- hafa rými þar sem börn geta matast í ró og næði og bjargað sér sjálf
- hafa aðstöðu sem býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir einstaklinga, minni og stærri hópa jafnt í námi, starfi og leik.

# FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI

## Úr menntastefnu:

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða og milli starfsstaða stuðlar að þróun menntunar.

Til þess að stuðla að þverfaglegu starfi þarf að tryggja starfsfólki góða aðstöðu og búnað, en einnig að skapa rými og tíma fyrir ígrundun og hvíld.

Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi. Því er mikilvægt að byggingar bjóði upp á aðlaðandi aðstöðu sem er tekur vel á móti foreldrum og fjölskyldum með ólíkan bakgrunn þannig að öll séu þau tilbúin til að taka þátt í námi, starfi og leik barnanna.

## Það gerum við með því að

- tryggja rými sem bjóða upp á samstarf starfsmanna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi
- staðsetja rými starfsfólks innan byggingar þannig að tími þeirra nýtist vel
- hafa aðstöðu til einbeitingar og hvíldar fyrir starfsfólk
- hafa skýra leiðarvísa inn í og um húsnæðið
- hafa bjóðandi og hlýlegan inngang
- bjóða upp á aðgengileg fundarherbergi
- hafa rými þar sem foreldra geta hitt hvert annað og starfsfólk

# SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM

## Ungabörn

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að tryggja að börn geti hafið leikskólagöngu strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, hvort heldur er í sérstökum ungbarnaleikskólum eða ungbarnadeildum. Umhverfi barna sem sækja leikskóla frá eins árs aldri verður að taka mið af tilfinninga-, félags-, líkams- og hreyfþroska þeirra. Aðlögun einkennir fyrstu ár barns í leikskóla, sem og umhyggja í fyrstu skrefum í námi þess með öðrum börnum. Vellíðan og öryggi barna og foreldra eru lykilþættir svo leikskólagangan fari vel af stað. Umhverfi leikskólastarfs fyrir börn á þessum aldri þarf því að vera notalegt, afmarkað og umfangsmikið. Skapa þarf góða aðstöðu til að mæta grunnþörfum barnanna, til dæmis fyrir hvíld og svefn, mat og drykk, skiptiaðstöðu, leik og hreyfingu, jafnt innan- sem utandyra. Einnig þarf að huga að því hvernig rými tekur á móti foreldrum og fjölskyldum og stuðlar að vellíðan þeirra og að því að þau séu velkomin og mikilvægir samverkamenn í leikskólastarfinu.

## Elstu börn leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla

Sífelld fleiri fjölskyldur velja frístundaheimili fyrir börn sín að loknum skóladegi í 1.-4. bekk. Grunnþættir starfs í leikskóla og grunnskóla hafa verið samræmdir í gegnum aðalnámskrá og sveitarfélögum gert að bjóða upp á frístundaheimili sem framfylgja viðmiðum um gæði í starfi. Mikilvægt er að bregðast við ákalli samfélagsins um aukið samstarf og sveigjanleika um nám, starf og leik barna. Það er því skynsamleg ráðstöfun að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis samnýti aðstöðu, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánú samstarfi. Slíkt fyrirkomulag krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun bygginga til skipulags og stjórnnunar. Þarna mætast þrjár hefðir, leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Þekking og menning renna saman í daglegum leik og starfi og skapar samfellu.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

Í leikskólum þykir sjálfsagt að börn sulli í pollum, búi til moldarkökur, velti sér í snjónum, rúlli sér í grasinu og bjóði vindinum byrginn. Viðhalda þarf slíkri útivistarmenningu og aðstöðu til hennar á útisvæði fram til níu eða tíu ára aldurs og skapa tækifæri til útiveru, útikennslu, náttúruskoðunar og til að þjálfa úthald og seiglu. Skýr tenging þarf að vera milli byggingar og lóðar sem jafnframt skapar barnvæna heild. Útisvæði þarf að hafa náttúrulegt yfirbragð og hið náttúrulega og manngerða þarf að renna vel saman. Skapa þarf skjólsæl svæði með byggingunum sjálfum og með náttúrulegum hætti úti á lóðinni.

### **Eldri grunnskólabörn og unglingar í grunnskóla**

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir miklum sveigjanleika í námi og að börn eigi ríkulegt val um viðfangsefni, námsaðferðir, námsaðstæður og verkefnaskil. Á sama tíma er lögð áhersla á að börnin hafi góðan aðbúnað til náms á öllum námssviðum grunnskólans og aukast kröfurnar um þetta eftir því sem nemendur eldast. Unglingar vilja eiga fjölbreytt val um

félaga og vini, hitta aðra með fjölbreytt áhugamál, geta horfið um stund í fjöldann eða verið stjarna dagsins eftir því hvernig dagsformið er. Mikilvægt er að unglingarnir njóti stuðnings fagfólks með ólíkan bakgrunn; kennara með sérþekkingu á ólíkum námssviðum, frístundaráðgjafa, námsráðgjafa, íþróttabjálfa, markþjálfara, listamanna og matreiðslumanna sem geta gefið þeim byr undir báða vængi og stuðlað að því að hver og einn fái notið styrkleika sinna. Koma þarf til móts við börn og unglinga svo þau geti blómstrað út frá sínu áhugasviði og látið drauma sína rætast.

Mikilvægt er að í byggingu fyrir skóla- og frístundastarf fyrir eldri grunnskólabörn og unglinga sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum sem samnýtist vel í verk- og listnámi, í starfi félagsmiðstöðva, og til íþróttaiðkunar. Húsnæðið getur um leið verið samfélagsmiðstöð fyrir hverfið. Gera þarf ráð fyrir því í rýminu og skapa tækifæri til að samnýta húsið fyrir ólíka hópa barna, unglinga og fullorðinna. Horfa má til þess að unglingarnir vilji aðra aðstöðu til að matast en hefðbundinn matsal. „Kaffihús“, og sófakrókar gagnast vel í skóla- og frístundastarfi allan daginn, t.d. í hópastarfi, í starfi félagsmiðstöðvar og öðru félags- og menningarstarfi. Mikilvægt er að byggingin tengist vel umhverfinu og styrkleikar umhverfis séu nýttir til að efla tengsl skóla, frístundastarfs, samfélags og umhverfis.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.



# BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG



Mannvirki eru byggð til að endast í áratugi eða jafnvel aldir. Með þeim er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða. Markmið borgarinnar er að vönduð byggingarlist skapi góða umgjörð fyrir skóla- og frístundastarfið þar sem fer saman framsækni, fagurfræði og notagildi. Byggingarnar, útisvæðið og nærumhverfið (náttúra og samfélag) halda utan um starfið og styðja við athafnir allra þeirra sem taka þátt í starfinu eða eiga erindi í aðstöðu leikskóla, frístundaheimila, grunnskóla, skólahljómsveita og félagsmiðstöðva í borginni.

**Til að umgjörðin um fagstarfið á hverjum stað sé sem best er mikilvægt að vanda undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja allan líftíma þeirra.**

### Menntasamfélagið og manngerða umhverfið

Mikilvægt er að byggingar fyrir skóla- og frístundastarf tengist vel nærumhverfinu og að styrkleikar þess séu nýttir í hönnun. Byggingin og útisvæðið, staðsetning og hönnun á að styrkja stöðu skóla- og frístundastarfsins í samfélaginu, efla nærsamfélagið og styðja börn í að læra á nærumhverfi sitt.

Menntasamfélagið byggist alltaf upp í sameiningu af börnum, starfsfólki, foreldrum og öllum öðrum sem því tilheyra. Manngerða umhverfið og hönnun þess þarf að styðja við líf, leik og starf og gefa fólki þá tilfinningu að það tilheyri samfélagi. Byggingin og umhverfið þarf að styrkja samfélagið og mæta fjölbreyttum þörfum.

Vissulega skiptir miklu hvort verkefnið á hverjum tíma snúist um nýja byggingu, viðbyggingu við eldri byggingu eða endurgerð byggingar sem hefur átt sess í samfélagi sínu. Ætíð skal hafa í huga hvernig byggingin getur styrkt samfélagið og staðarkenndina og stuðlað að farsælum starfsháttum í skóla- og frístundastarfi til framtíðar.

Bygging og útisvæði eiga að mynda heildstætt umhverfi fyrir skóla- og frístundastarf en styðja jafnframt við ólíkar þarfir þeirrar starfsemi sem fram fer í hverri byggingu eða byggingarluta.

Samhengið og sérstaðan í byggingunni og umhverfinu á að skapa notendum samastað, stað sem þeir eiga hlut í og eiga þátt í að móta.

#### Það gerum við með því að

- hafa samráð í hönnunarferlinu við aðila skólasamfélagsins
- láta sérkenni umhverfis og staðaranda lita hönnun húsnæðis og útisvæðis
- hafa góðar tengingar milli útisvæðis og helstu samgönguleiða
- staðsetja innganga þannig að aðgengi að helstu starfsemi sé einfalt og skýrt



## Líðan og skynhrif

Góð líðan er forsenda náms og starfs. Mannvirki og umhverfi þeirra hafa áhrif á líðan okkar. Arkitektúr og rýmismyndun er sterkur áhrifavaldur og góð hönnun stuðlar þannig að vellíðan. Umhverfi og rými örvar skynjun okkar og stuðlar að auknum þroska. Þess vegna á umhverfið ekki að vera hlutlaust, heldur styðja og styrkja skóla- og frístundastarfið. Byggingin og nærumhverfi hennar á að örva með birtu, hljóði, lykt og yfirborði. Góð skynhrif af fallegu og örvandi umhverfi hafa líkamleg og tilfinningaleg áhrif sem eykur skilning á umhverfinu og skerpir upplifun.

Mikilvægt er að hægt sé að móta rýmin og stærð þeirra svo þau henti þeim aldurshópum sem þar vinna hverju sinni, haldi vel utan um börnin og stuðli að öryggiskennd þeirra og vellíðan. Þannig er mikilvægt að börnin upplifi að þau rými sem þau nota mest yfir daginn taki mið af aldri þeirra og þeim verkefnum sem þau vinna að á hverjum tíma.

Áherslu þarf að leggja á birtuskilyrði og áhrif góðrar birtu á notendur. Sérstaklega skal huga að því að sem flest rými njóti góðs af dagsbirtunni, þær stundir sem hennar nýtur. Vinna skal sérstaklega vel með hljóðvist í allri byggingunni, þannig að notendur geti unnið í ró og næði en upplifi ekki óþarfa streitu vegna hávaða frá öðrum.

### Það gerum við með því að

- hafa fjölbreytta formmyndun
- lita- og efnisval stuðli að vellíðan
- hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun
- styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri
- gera ráð fyrir því í hönnun og útfærslu að það sé mismunandi á milli ára hvaða og hvernig ólíkir aldurshópar nýta rýmin
- huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma
- gera þarf ráð fyrir í tilteknum rýmum að hægt sé að útiloka dagsbirtu (leiksýningar, dansleikir o.þ.h.)
- nýta dagsbirtu til fulls í íverurýmum barna og starfsfólks
- huga vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

### Samspil rýma, samnýting og fjölnýting

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf á að móta þannig að flæði ólíkra starfshátta verði einfalt, eðlilegt og vel tengt innbyrðis. Almenn á að vera fjölbreytni og sveigjanleiki í rýmum byggingarinnar, mótun þeirra og hönnun. Það á einnig að vera möguleiki á því að hólfa rými af og loka þannig að hægt sé að vera í næði og ró og skapa öruggt umhverfi. Byggingin/byggingarnar og útisvæði skulu mynda heild sem þrátt fyrir ólík hlutverk tengjast vel.

Tryggja þarf að aðlaga megi bygginguna að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megi notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu.

#### Það gerum við með því að

- hafa góðar tengingar á milli svæða og rýma innan bygginga sem og góða tengingu á milli úti- og innirýma
- búa til vettvang fyrir ólíkar starfs- og kennsluaðferðir
- líta á öll rými barnanna sem samfellt námssvæði
- skapa með gluggum og gluggaveggjum sjónrænar tengingar innan byggingar sem stuðla að tilfinningu fyrir lífinu í byggingunni, yfirsýn og öryggi og hleypa birtu milli rýma
- stuðla að samnýtingu og samstarfi milli leikskóla, grunnskóla, skólahljómsveitar, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar með mjúkum mörkum og sveigjanleika rýma
- haga aðgangsstýringu milli byggingahluta þannig að fjölnýting sé tryggð
- staðsetja innganga í bygginguna með markvissum hætti
- nýta létta veggir og stór dyraop svo hægt sé að breyta rýmum með auðveldum hætti
- gera ráð fyrir felliveggjum og renniflekum þar sem það er nauðsynlegt.



skrifstofa

*Lorem ipsum dolor  
fyrir fjölbreytt list- og  
verknám, skapandi og  
listræna tjáningu*

# INNI OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING

Leikskólinn, grunnskólinn, frístundaheimilið og félagsmiðstöðin er allt í senn námsumhverfi barnsins, heimili að heiman, samkomustaður og næðisrými. Þetta er vettvangur barnsins allan ársins hring, jafnt sumar, vetur, vor og haust.

## Allan daginn

Leikskólabörn eru í skólanum árið um kring fyrir utan fjögurra vikna sumarleyfi. Þegar skóladegi og skólaári grunnskólans lýkur tekur frístundaheimilið og félagsmiðstöðin við og starf skólahljómsveitar fer fram allan skóladaginn og að loknum skóladegi. Starfsfólk er við störf í byggingunni fram eftir kvöldi og húsnæðið nýtist almenningi með fjölbreyttum hætti. Sú hugsun að skólahúsnæði sé lokað og nánast „líflaust“ að loknum skóladegi og skólaári heyrir sögunni til. Taka þarf tillit til þessa í allri hönnun, jafnt í aðstöðu fyrir börnin, starfsfólk, aðra notendur, hönnun stoðryma, lóðar og útisvæðis og aðkomu að byggingunni. Þetta gerir einnig ríkari kröfur um gæði byggingarefna og hönnunar þannig að viðhaldsþörf sé í lágmarki og að íverurýmið þoli bæði sólarálag, úrhelli og frosthörkur. Ræsting fer fram allan daginn, starfsfólk er við störf árið um kring, mótuneytið er í notkun allt árið, lóðin er sífellt undir átroðningi, viðhald byggingar þarf að fara fram á starfstímanum, anddyri þurfa jafnt að geta takið á móti snjóugum kuldagöllum og moldugum stígvélum. Það þarf að koma til móts við fjölbreytta starfsemi og fjölbreytt veðurfar allan daginn, árið um kring.

## Það gerum við með því að

- skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna
- inngangar og anddyri þjóni tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring
- tryggja að lofræstikerfi og gluggasetning mæti mismunandi hitastigi í umhverfinu
- haga gluggasetningu og staðsetningu íverurýma þannig að sólarálag skapi ekki vanda vegna ónógra loftgæða
- haga gluggasetningu þannig að notendur geti notið dagsbirtu og fylgst með lífinu í nærumhverfinu
- tryggja að öll byggingin og þá sérstaklega gluggar, hurðar, þök og ytri frágangur lofræstikerfa sé þannig að húsnæðið þoli vatns- og snjóálag í úrkomu og stórviðrum þannig að ekki komi leki að byggingu
- sjá til þess að síræsting geti farið fram
- efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Búa börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu.



© Unisport.dk. Frediksbergsskole



© Unisport.dk. Frediksbergsskole



fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna

### Inni - Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi

Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi á að vera ráðandi í allri mótun og afmörkun svæða. Hugtakið „heima“ skiptir börn og fullorðna máli því það felur í sér að allir tilheyri og finni fyrir öryggi og velliðan. Börn eiga að hafa tækifæri til að setja sinn svip sinn á umhverfið með sköpun og gera það að sínu.

Hreyfing og íþróttir eiga ekki lengur einungis heima í íþróttahúsinu heldur um alla bygginguna. Börnin eiga að fá fjölbreytta aðstöðu til hreyfingar og margvíslegrar líkamsbeitingar.

Í matartíma er boðið upp á hollan, fjölbreytan og næringarríkan mat. Málsverðir eru mismunandi eftir aldri barnanna, en geta m.a. verið hafragrautur að morgni, heit máltíð í hádegi, síðdegishressing og ávaxtastund. Aðstaða til að matast þarf að vera aðlaðandi og notaleg og skapa góða matarmenningu, því það að framreiða, borða saman og ganga frá er hluti af menntun. Huga þarf að rýmisumgjörð og hljóðvist málsverða í samræmi við aldur og þroska barna. Í matstofu eiga börnin að geta sótt sér mat, snætt og gengið frá að máltíð lokinni. Boðið eru upp á fjölbreytni í húsbúnaði og börnin geta valið sér sæti eftir dagsforminu.

#### Það gerum við með því að

- búa börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu, t.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum
- bjóða upp á tækifæri til hreyfingar og virkni jafnt innan- sem utandyra með hreyfistöðvum sem hvetja til leikja, í frjálsum tíma og stuttum hléum
- hafa hreyfisali í ýmsum stærðum, þar sem má stunda boltaíþróttir, jóga, dans, glímu eða aðra hreyfingu
- afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði
- skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matarkrókum eða „kaffihúsi“ sem hæfir ólíkum aldri

## Úti – Þar sem lífið er

Útisvæði, lóðir og nærumhverfi er aflvaki í öllu samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við samfélagið. Mannvirkið og útisvæðið eru sameign borgarbúa og nýttast nærsamfélaginu allan ársins hring. Ríkulegt og spennandi leiksvæði eykur og bætir útiveru barna í frjálsum leik og fjölbreyttri hreyfingu, líka eftir að hefðbundnum skóla- og frístundadegi lýkur. Skapa þarf góð skilyrði á lóð fyrir útiveru, útinám og hreyfingu en einnig uppbyggilega samveru og samskipti sem efla félagsfærni. Hanna ber útisvæði þannig að þau skapi góð tengsl við náttúruna og efli náttúru- og fegurðarskynjun.

Mikilvægt er að huga að veðurfari á hverjum stað. Skapa þarf sólrik og skjólsæl útisvæði til að styðja við leik og samskipti og vanda til verka þannig að form og útfærsla mannvirkja dragi úr vind- og úrkomuálagi. Sérstaklega skal hafa í huga skjólmyndun á helstu aðkomuleiðum og við innganga að byggingunni.

Útinám er eðlilegur hluti starfsins allan daginn og allt árið um kring. Umhverfið á að vera hluti af námsumhverfinu og eiga sess í náminu.

Leiksvæði allra yngstu barnanna (1–3 ára) þarf að vera afmarkað, öruggt og á sama tíma krefjandi fyrir þennan aldur og bjóða upp á skynhrif og uppgötvunar í útivistinni. Börn hafa gaman að fara inn í, ofan í og undir hluti. Enda þótt leiksvæði sé örugg er mikilvægt að ekki sé gúmmíkúlugólf yfir öllu, heldur að börnin komist í snertingu við náttúruleg efni, ekki aðeins mold, sand og grjót heldur einnig runna, lyng og mosa. Útisvæði yngstu barnanna þurfa að vera í mikilli nálægð við innisvæði þessa hóps. Leiksvæði eldri leikskólabarna og yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis þarf að vera spennandi og bjóða upp á upplifun og ævintýri. Þau geta verið í órlítið meiri fjarlægð frá skóla- og frístundahúsnæðinu.

Leiksvæði eldri barna og unglinga þurfa að mæta þörfum þeirra fyrir hreyfingu og slökun og skapa námstækifæri í útikennslu. Útisvæði unglinga þarf að vera sérlega hvetjandi til útiveru.

### Það gerum við með því að:

- bjóða upp á slitsterkt efni og setja gúmmímottur á álagssvæði þar sem það er nauðsynlegt
- hafa afmarkaða íþróttavelli og París, s.s. knattspyrnuvelli með gervigrasi og körfuboltavelli þannig að í stað hins ríkjandi, miðjusetta fótboltavallar á að skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu
- afmarka hluta lóðar fyrir útikennslustofu
- hafa svæði sem mest með náttúrulegu yfirbragði og láta hið náttúrulega og manngerða renna vel saman
- hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað
- setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu
- bjóða upp á áskoranir, tækifæri til að hlaupa, klifra, skríða í gegnum göng, moka, drullumalla eða fela sig fyrir ljónum og tígrisdýrum
- gera skjól úr steinhleðslum eða með náttúrulegum veggjum, trjám, gróðri eða mönum og skapa þannig notalegar aðstæður til samskipta og samtals.
- skapa börnum tækifæri til beinna tengsla og snertingar við gras, sand, vatn, mold, drullu, tré, lauf og fjölbreyttan gróður og þá um leið fjölbreytt smádyralíf
- bjóða upp á spjallaðstöðu fyrir miðstig og unglingastig (kofar/skýli o.fl.)
- hugsa útisvæðið sem vettvang náms á mörgum námssviðum

# ÁBYRG HÖNNUN



**Engin skilin eftir.**

**Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.**

Með ábyrgri hönnun er skapaður farvegur til framtíðar. Ábyrg hönnun tekur tillit til umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Ábyrg hönnun tekur framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

### **Græna planið**

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilviddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

### **Grænn vöxtur**

Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna.

### **Kolefnishlutlaus borg**

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

## Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fylgja skal samþykktum borgarráðs frá 8. október 2015 um vistvæna vottun bygginga í samræmi við umhverfsvottunarkerfið BREEAM, þeim markmiðum sem sett eru fram í græna planinu og græna skuldabréfamma Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun og skipulagi, við efnisval og með gerð lífsferilsgreininga.

### Það gerum við með því að

- láta heilsu og vellíðan notenda byggingarinnar vera leiðarljós í hönnunarferlinu
- vistspor byggingarinnar sé lágmarkað með vandaðri hönnun
- vinna lífsferilsgreiningar
- efnisval og hönnun tryggji sem minnst umhverfisspor og að rekstrarkostnaður byggingarinnar sé í lágmarki
- í undirbúnings- og hönnunarferli sé tekið tillit til líftímakostnaðar en ekki einungis stofnkostnaðar

### Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM

Mikilvægt er að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við undirbúning, hönnun, framkvæmd og rekstur mannvirkis. Í stafrænni umbreytingu er nauðsynlegt að horfa til þess hvernig nýta megi tæknilausnir við hönnun og til að stjórna upplýsingum í hönnunar- og framkvæmdaferli. Þá skal horfa til hvernig má auka gæði og gagnsæi, bæta áhættustýringu og fá betri skilning og yfirsýn frá frumáætlunum og út líftíma mannvirkja.

#### Það gerum við með því að

- vinna upplýsingalíkan mannvirkja (BIM - building information model)
- borgin eigi upplýsingalíkan að lokinni framkvæmd og geti nýtt það við rekstur mannvirkis
- að upplýsingakerfi séu unnin í samræmi við byggingarflokkunarkerfi borgarinnar
- að líkön séu hæf til magntöku, kostnaðaráætlana og lífsferilsgreininga.

## Byggingararfurinn okkar og sagan

Mikil verðmæti eru fólgin í mannvirkjum, byggingararfi og byggðamynstri. Byggingararfleiðin og menningararfurinn tengja okkur við og söguna og ræturnar. Arfleiðin hefur mótað og skapað okkur og er hluti af sjálfsmyndinni.

Í borginni setja skóla- og frístundamannvirki svip sinn á hverfin. Þau eru tilvísun í þann tíma sem þau voru byggð á og þá framtíð sem þá áttu að rúma. Þau og segja og sýna söguna, bæði áherslur í sýn til menntunar og arkitektúrs. Það er mikilvægt að hlúa að þeim mannvirkjum sem við eigum, byggja við þau af virðingu fyrir byggingarlistinni og sögulegu samhengi og muna að áfram er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða.

### Það gerum við með því að

- tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess
- stuðla að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra
- að tryggja mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af

### Menntun án aðgreiningar – allir með

Náms- og leikumhverfi, jafnt innan sem utan dyra, á að skipuleggja þannig að það styðji við þátttöku allra barna og starfsmanna. Við stækkun og breytingu á húsnæði á ætíð að huga að aðgengi fyrir alla, farsælli menntun án aðgreiningar, auknu jafnrétti, virkara lýðræði, menningarlegum fjölbreytileika og aukinni virkni allra barna í námi, starfi og leik.

Góðar tengingar milli svæða innan og utan útisvæðis hafa mikið að segja um jafnt aðgengi, og er brýnt að huga að hugsanlegum hindrunum. Tilfinningalegt ástand og sjálfstæði barna með líkamlega fötlun og skynhömlun ræðst m.a. af aðgengi þeirra í húsnæðinu og útisvæði. Huga þarf sérstaklega að hönnun sértækra rýma fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir. Slæm hljóðvist eins og bergmál, kliður, sem og slæm lýsing geta valdið viðkvæmum einstaklingum raunverulegum sársauka. R

ými þurfa því almennt að hafa viðeigandi hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi í sértækum rýmum. Þá verður að vera kostur að bjóða börnum og unglingum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án stöðugs áreitiss, s.s. umgangs eða hávaða.

#### Það gerum við með því að

- taka tillit til aðgengis fyrir alla í allri hönnun jafnt innan sem utandyra
- tryggja að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými
- sjá til þess að lýsing sé viðeigandi í hverju og einu rými
- Huga að því að byggingarefni gefi ekki frá sér ertandi lykt
- tryggja að lykt tengd starfsemi eins og mötuneyti og list- og verkgreinum berist ekki um bygginguna.
- hafa jafnréttis-, lýðræðis- og margbreytileikasjónarmið að leiðarljósi við alla hönnun

## Vistvænar samgöngur

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu taka mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og bjóða upp á vistvænar samgöngur. Í stefnunni er gert ráð fyrir að færri komi á bíl og fleiri komi gangandi, hjólandi eða nýti almenningssamgöngur. Umferð bíla við byggingarnar þarf því að halda í algjöru lágmarki en þeim mun meira lagt upp úr góðum stígatengingum við stofn- og tengileiðir umhverfis svæðið. Huga skal vel að innviðum og styðja markvisst við virka og vistvæna samgöngumáta.

Huga þarf vel að útfærslum og umhverfi á hjólastígum í tengslum við það svæði sem verið er að fara um, t.d. að hraðleiðir séu ekki í gegnum útisvæðið.

### Það gerum við með því að

- hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga
- hafa yfirbyggða hjólageymslu eða aðra góða, læsta aðstöðu til að geyma hjól og hjálma
- huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum
- bjóða upp á búningsaðstöðu og sturtur fyrir starfsfólk

## Heilbrigt húsnæði

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu stuðla að heilbrigðu umhverfi til þess að vernda heilsu, bæta frammistöðu, tryggja viðveru og auka hæfni til úrlausna hjá nemendum og starfsfólki. Heilbrigð innivist byggir meðal annars á eftirfarandi þáttum: loftgæðum, hljóðvist, lýsingu, rýmisnotkun, öryggi, aðgengi og umgjörð. Við hönnun, endurbætur og rekstur bygginga þarf að taka tillit til þessara þátta og fylgja leiðarvísunum sem byggja á rannsóknum sem sýna fram á betri heilsu, vellíðan og frammistöðu notenda.

Umhverfi skólabygginga þarf að styðja við en ekki hindra tækifæri til þess að þroskast og dafna þar sem börn dvelja mestum hluta í skóla- og frístundabyggingum utan við heimili sitt. Tíðni sýkinga, sjúkdóma og kvilla má lækka með heilbrigðu umhverfi í byggingum og þar með minnka fjarveru frá skóla.

Heilbrigt umhverfi samanstendur af tengingu bygginga og náttúru og aðgengi þeirra sem nota byggingar að umhverfi sem gefur tækifæri til hreyfingar, snertingar við náttúru, tækifæri til að eiga samskipti og að njóta hollrar fæðu.

Inniloft hverrar byggingar sem er háð hönnun og rekstri er stór umhverfis- og áhrifaþáttur heilsu. Loftgæði ráðast af tíðni loftskipta, rakaástandi byggingar, efnisnotkun og hegðun notenda.

Börn eru einkar næm fyrir umhverfisáhrifum efna og því er mikilvægt að huga að efnisvali í þeirra umhverfi, hvort sem er við framkvæmd, viðhald eða rekstur, til þess að tryggja vellíðan þeirra til framtíðar. Mörg efni sem eru til staðar í hreinsiefnum og byggingarvörum geta haft raskandi áhrif á heilsu. Vistvænar vörur eru ekki heilnæmar í öllum tilfellum og því ætti ávallt að hafa það í huga við efnisval. Til þess að stuðla að góðri upplifun nemenda og vellíðan í byggingum þarf einnig að huga að umgjörð, rýmisnotkun og fagurfræði.

## Það gerum við með því að


### Hönnun:

- tryggja rakaöryggi; byggja þurrt, fylgja Rb blaði um rakaöryggi, velja hentug byggingarefni miðað við aðstæður og rakaálag, lágmarka viðhald, tryggja líftíma byggingarefna með því að velja gæði.
- huga að loftskiptum; loftræsing sé til staðar, loftskipti séu nægjanleg og uppfylli að minnsta kosti kröfur byggingarreglugerðar um skólahúsnæði, aðgengi og möguleiki til umsýningar loftræsibúnaðar, opnanleg fög séu aðgengileg og staðsett með tilliti til notkunar,
- velja efni sem eru með lága útgufun af rok gjörnum efnum sem spilla síður loftgæðum (þetta á við um innréttingar, húsbúnað, málningu, gólfefni og annað sem er veggfast)
- skrá notkun byggingarefna til að auðvelda endurbætur eða breytingar síðar
- taka tillit til þrifa í hönnun, svo að auðveldara verði að fylgja eftir góðum þrifum og rykhreinsun
- tryggja góða hljóðvist, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til aðstæðna hverju sinni
- passa lýsingu, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til mismunandi þarfa eftir rýmum
- uppfylla allar kröfur um öryggi og aðgengismál í byggingu og umhverfi hennar

## Það gerum við með því að

### Framkvæmdir/endurbætur:

- tryggja gæði í framkvæmd, fylgja leiðarvísun framleiðanda um notkun og uppsetningu
- tímasetning framkvæmda verði þannig að þær trufla ekki loftgæði eða öryggi nemenda
- tryggja að við endurbætur sé hugað að betri innivist, betri loftgæðum, lýsingu og hljóðvist í samræmi við kröfur á hverjum tíma
- tryggja að framkvæmdir trufla ekki loftgæði, byggingarefnum sé ekki raskað þar sem notendur eru nálægt, tryggja að afmörkun viðgerðarrýma sé til staðar sérstaklega þegar er verið að laga rakaskemmdir
- fylgja leiðarvísun við hreinsun á raka- og myglusvæðum og fá fagaðila til verksins með réttan búnað og þekkingu
- fyrir framkvæmd þarf að ganga úr skugga um hvaða efni fari í niðurrif, sérstaklega kanna tilvist asbest
- velja byggingarefni með lága útgufun
- velja byggingarefni sem henta betur hverjum stað m.t.t. rakaálags, ágangs og notkunar
- taka sérstakt tillit til loftræsingar þar sem breytingar eru á notkun rýma eða skipulagi



**Það gerum við með því að**

**Rekstur:**

- fræða starfsfólk um mikilvægi loftgæða og hvernig sé hægt að stuðla að þeim í daglegu starfi
- tryggja þjónustu á loftræsikerfum samkvæmt handbók (s.s. tryggja hreinsun og að skipt sé um síur
- tryggja að loftflæði henta starfseminni hverju sinni
- tryggja aðgengi að opnanlegum fögum, opna glugga reglulega og a.m.k. á milli kennslustunda
- velja vistvæn og heilnæm efni án ilmefna við ræstingar
- huga að efnum sem eru notuð í skóla- og frístundastarfi t.d. í handmennt, myndmennt og smíðum og geta haft áhrif á loftgæði

**Styrktarsamningur  
mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis  
við Reykjavíkurborg**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, félagsmálaráðuneytið, kt. 521218-0610, og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, gera með sér svofelldan samning:

**1. Markmið**

Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Auka hæfni leik- og grunnskólanemenda í íslensku.
- Efla læsi, sérstaklega málörvun, málþroska, orðaforða og lesskilning nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Beita samræmdum menntaumbótum og efla snemmbæran stuðning, samstarf og samfelli milli leik- og grunnskóla og frístundaheimila.
- Stuðla að bættri líðan nemenda og virkni í námi.
- Efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla og frístundaheimila um land allt á þessu sviði.
- Tryggja framgang stefnu sbr. fjármálaáætlun 2021 – 2025 á málefnasviði 22 í málaflokki 22.1 og málefnasviði 29 í málaflokki 29.4

**2. Verkefni**

Verkefnið sem verið er að styrkja er tvíþætt:

- 2.1. Innleiðing á verkefninu *Málþroski og læsi í Fellaheverfi*. Í leikskólunum Ösp og Holt, Fellaskóla og frístundaheimilinu Vínafelli verður lögð aukin áhersla á að nemendur öðlist aukna hæfni í íslensku og að nemendur fái viðtækan snemmbæran stuðning þegar kemur að íslenskunámi. Þá verður sérstaklega hugað að börnum sem eru með annað móðurmál en íslensku ásamt áherslu á virkt tvítyngi. Við framkvæmd verkefnisins verður unnið að heildstæðu samfelldu námi nemenda milli skólastiga annars vegar og skóla- og frístundastarfs hins vegar.
- 2.2. Útbúa fræðsluefni og setja upp starfsþróunarnámskeið fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundaheimila um land allt, sem byggja á niðurstöðum og reynslu verkefnisins. Reykjavíkurborg standi fyrir námskeiðunum ásamt ráðgjöf til skóla og sveitarfélaga á skólaárinu 2022-2023.

Gert er ráð fyrir að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ráði verkefnisstjóra til þriggja ára til þess að framkvæma verkefnið. Framlag Reykjavíkurborgar til verkefnisins felst í vinnuframlagi, umsýslu og framkvæmd vegna ráðgjafar, fræðslu og framkvæmd starfsþróunarnámskeiðanna.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd verkefnisins verði í samræmi við þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030, drög að stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn og þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

( AED  
HKA

**3. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 3.1. Samningur þessi er gerður á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.2. Reykjavíkurborg starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
  - Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
  - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
  - Upplýsingalög nr. 140/2012.
  - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
  - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
  - Samkeppnislög nr. 44/2005.
  - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
  - Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

**4. Styrkveiting**

- 4.1. Heildarfjárskuldbinding samningsins er 36 m.kr. og árlegt framlag ríkisins er 12 m.kr. á ári yfir samningstímann. Framlagið skiptist jafnt á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.
- 4.2. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum í samræmi við almenna verðlagsuppfærslu í fjárlögum.
- 4.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokk 22.10 – Leikskóla- og grunnskólastig og fellur undir stefnu mennta- og menningarmálaráðherra á málefnasviði 22 – Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála og málaflokk 29.4 – Annar stuðningur við fjölskyldur og börn og fellur undir stefnu félags- og barnamálaráðherra á málefnasviði 29 – Fjölskyldumál, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 4.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Reykjavíkurborg ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 22.10 og 29.4 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 22.10 og 29.4 og hjá Reykjavíkurborg.
- 4.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrar verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 4.6. Styrkurinn er greiddur í fernu lagi. Fyrsta greiðsla við undirritun samnings, önnur greiðsla fyrir 1. október 2021, þriðja greiðsla fyrir 1. október 2022 og fjórða greiðsla fyrir 30. september 2023. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, reikningsnúmer 0101-26-000056.

**5. Ábyrgð Reykjavíkurborgar**

- 5.1. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Reykjavíkurborg skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 5.2. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 5.3. Reykjavíkurborg er óheimilt að:

Handwritten signature and initials, possibly 'AZO' and 'LPA', in the bottom right corner of the page.

- Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytanna, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## 6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 6.1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 6.2. Eigi Reykjavíkurborg í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 6.3. Fulltrúar ráðuneytanna og Reykjavíkurborgar funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 6.4. Fyrir lok janúar 2021 skilar Reykjavíkurborg til ráðuneytisins framkvæmda- og kostnaðaráætlun verkefnisins.
- 6.5. Fyrir lok júní ár hvert skilar Reykjavíkurborg mennta- og menningarmálaráðuneyti greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefnis er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við framkvæmda- og kostnaðaráætlun þess. Afrit berist félagsmálaráðuneyti.
- 6.6. Reykjavíkurborg veitir ráðuneytunum upplýsingar sem þau kunna að kalla eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytin hafa heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hafa þau óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 6.7. Samning þennan, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Reykjavíkurborgar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytunum er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 6.8. Reykjavíkurborg setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.

## 7. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 7.1. Reykjavíkurborg tilkynnir mennta- og menningarmálaráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 7.2. Ráðuneytunum er heimilt að rifta samningi þessum, draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Reykjavíkurborg ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 7.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Samningurinn gildir frá 1. október 2020 til 30. september 2023.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.


(Attd)

*[Handwritten signature]*

*[Handwritten initials]*

- 8.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.4. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili einu eintaki.

Reykjavík, 11. janúar 2021



Lilja D. Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra



Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri



Ásmundur Einar Daðason  
félags- og barnamálaráðherra